

| | |
|------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK | Reykjavík, 28. apríl 2014 2014010081 |
|------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu - 335. mál

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu, 335. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 4. apríl 2014., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu, 335. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar umræðu um þennan málaflokk og þeim hugmyndum sem nefndar eru í tillögunni um frekari vinnu við stefnumótun og úttekt á úrræðum sem einstaklingum í vímuefnavanda standa til boða.

Barnaverndaryfirvöld á Íslandi hafa um árabil unnið samkvæmt þeirri stefnu að styðja eigi við þá sem eiga við fíkniefnavanda að stríða, hvort sem um er að ræða börn eða foreldra þeirra. Barnaverndaryfirvöld hafa ekki til að dreifa neinum refsikennendum úrræðum eða viðurlögum. Börn foreldra í vímuefnavanda eru til að mynda ekki vistuð utan heimilis í refsingarskygni heldur í þeim tilgangi að veita þeim fullnægjandi uppeldisaðstæður, öryggi og vernd. Hvað börn í vímuefnavanda varðar þá hefur Barnaverndarstofa um árabil lagt sig fram um að veita eins vandaða meðferð og unnt er og þróað meðferðartilboð í samræmi við rannsóknir og bestu vitneskju á hverjum tíma. Rannsóknir og úttektir undanfarinna ára hafa í samræmi við þetta sýnt að neysla barna og unglinga hefur dregist verulega saman, hvort sem um er að ræða neyslu á áfengi, tóbaki eða fíkniefnum. Telur Barnaverndarstofa þetta benda til þess að þróun í meðferðarstarfi undanfarinn áratug hafi skilað töluverðum árangri. Mikilvægt er að áfram verði haldið á sömu braut og Barnaverndarstofu gefist áfram tækifæri og fjármunir til þess að þróa og breyta meðferð í samræmi við bestu þekkingu og þarfir hvers tíma.

Hvað varðar breytingu á refsistefnu telur Barnaverndarstofa að aðaláhersla hvers samfélags gagnvart fólki í vímuefnavanda eigi að vera að vernda það og styðja til þess að ná tökum á sínum vanda og refsíákvæði eigi að vera síðasta úrræði sem gripið sé til. Barnaverndarstofa telur hins vegar að varhugavert geti verið að afnema refsingar að öllu leyti gagnvart þessum hópi þar sem mikilvægt sé að samfélagið fái þau skilaboð frá Alþingi að neysla fíkniefna sé alvarlegur hlutur sem stefnt geti lífi og heilsu neytandans og annarra í hættu. Bendir Barnaverndarstofa í þessu sambandi annars vegar á að hætt er við því að ungir fíklar telji neyslu ekki vera vandamál sem takast þurfi á við þar sem löggjafinn telji ekkert athugavert við neyslu. Hins vegar er hætt við að erfiðara geti reynst að fá foreldra, sem glíma við vímuefnavanda, til þess að viðurkenna að þeir eigi við vanda að stríða og þar með taka á honum ef löggjafinn breytir um stefnu í þessum efnum.

Barnaverndarstofa telur hins vegar að það geti verið áhugavert og jákvætt að farið verði yfir það hvaða önnur úrræði en refsing geti komið til greina í málum fíkla sem miði að því að auk líkur á að einstaklingar takist á við eigin vímuefnavanda. Til að mynda sé hugsanlegt að koma málum þannig fyrir að refsingar fyrir minni háttar fíkniefnabrot komi t.a.m. fyrst og fremst til


álita þegar einstaklingur er ekki reiðubúinn til þess að horfast í augu við eigin fíkn og takast á við hana þó stíga verði varlega til jarðar varðandi allar lagabreytingar sem þessar. Ef til þess kemur að löggjöf verði breytt þannig að refsingu verði frestað eða hún falli niður þá feli það ekki í sér að viðkomandi einstaklingur upplifi það eins og ekkert hafi gerst heldur taki virkt úrræði, s.s. meðferð eða viðtöl við ráðgjafa við.

Varðandi refsistefnuna er þó rétt að benda á að á undanförunum árum hefur refsiramma fyrir fíkniefnabrot verið þyngdur verulega, m.a. fyrir minni fíkniefnabrot. Telur Barnaverndarstofa ekki óeðlilegt að Alþingi velti því upp hvort ef til vill hafi verið of langt gengið á þeirri braut og hvort sífellt þyngri refsingar við fíkniefnabrotum skili tilætluðum árangri. Einnig má velta fyrir sér hvort kveða megi með skýrari hætti á um það í lögum að þátttaka við að upplýsa mál eigi að hafa áhrif á þyngd refsingar eða megi jafnvel fella niður refsingu í slíkum málum.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu